



Varðar umsókn um lán úr Orkusjóði vegna
borunar eftir heitu vatni fyrir Gnúpverjahrepp

Guðmundur Ingi Haraldsson, Kristján Sæmundsson

Greinargerð GIH-KS-80/02

VARÐAR UMSÓKN UM LÁN ÚR ORKUSJÓÐI VEGNA BORUNAR EFTIR HEITU VATNI FYRIR

GNÚPVERJAHREPP

Af þeim stöðum sem athugaðir hafa verið með tilliti til heitavatnsöflunar fyrir félagsheimili hreppsins í Árnesi er Þjórsárholt vænlegastur. Þar er 60°C heitt vatn heima við bæ í sprungu í Þjórsárhrauni. Ætlunin er að bora við sprunguna þar eð talið er að uppstreymi heita vatnsins sé henni tengt. Efnahitamælar lofa ekki heitara vatni en þegar kemur upp. Vegalengdin milli Þjórsárholtis og Árness er tæplega 2,5 km. Samkvæmt hagkvæmnisúttekt sem Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hefur gert (dags. 17.7.1979), mun hitaveita frá Þjórsárholti í félagsheimilið og fyrirhugaðan byggðakjarna og skóla verða hagkvæm. Óvíst er hversu djúpt þarf að bora en gert ráð fyrir 300-600 m borun. Áætlaður kostnaður 600 m holu er 30 Mkr. Í hagkvæmnisúttekt verkfræðistofunnar er reiknað með 600 m holu.